

STUTT



Ljósmynd/Sigurjón Ragnar

Verðlaun Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt í sjötta sinn við hátíðlega athöfn á dögnum. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti verðlaunin.

Dyngjan, áfangaheimili fyrir konur, hlaut samfélagsverðlaun Fréttablaðsins

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt í sjötta sinn við hátíðlega athöfn í vikuni. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, veitti verðlaunin en þau eru veitt í fjórum flokkum, auk heiðursverðlauna.

Á þessu sinni var það Dyngjan, áfangaheimili fyrir konur, sem hlaut verðlaunin. Dyngjan hefur verið starfandi síðan 1988 og reynst mikilvægur áfangaðaur fyrir konur sem eru að koma úr áfengis- og vímuefnamedferð. Þar fá þær tækifæri til þess að breyta og byggja

upp allsgáðan og ábyrgan lífsstíl á meðan þær dvelja í Dyngjunni. Edda Jóhannsdóttir, sem veitir Dyngjunni forstöðu, tók við verðlaunum.

Aðrir sem fengu verðlaun voru Paulin McCarthy í flokknum „Hvundagshetja“, Bandalag íslenskra skáta fékk verðlaun í flokknum „Frá kynslóð til kynslóðar“ og sjónvarpsþátturinn *Með okkar augum* hlaut verðlaunin í flokknum „Til atlögu gegn forðum“.



Waldorf Opið hús verður í Lækjarbotnum á morgun frá klukkan 13 til 16.

Opið hús í Waldorfskóla á laugardag

Waldorfleikskólinn Ylur og Waldorfskólinn í Lækjarbotnum verða með sitt árlega opna hús á morgun, laugardag, frá klukkan 13 til 16. Skólarnir eru á sínu 21. starfsári en í tilkynningu segir að þeir séu í fallegum, grónum dal, umkringdir fjöllum, um 10 km austan við Rauðavatn í Reykjavík. Þangað koma rúmlega 60 börn á grunnskólaaldri og um 20 leikskólabörn með skólarútu á degi hverjum.

Á opnu húsi gefst fólki tækifæri til að kynna sér umhverfi og kennsluhætti í skólanum. Boðið verður upp á innsýn í bekkjarkennslu, handverk og listgreinar. Einnig verða stuttar kynningar á kennsluáferðum, námsferni og á zevintýraheimi leikskólans og yngri bekkjanna. Hægt verður að líta inn í eldsmiðju, tálgunarkofa og leirgerð og jafnvel baka brauð á teini. Foreldrar barna í skólanum verða á staðnum og svara spurningum.

Í Waldorfskólanum er unnið eftir hugmyndafraði Rudolfs Steiners en í tilkynningu segir að þar sé hugtakið „hugur-hjarta-hönd“ vel þekkt.

Markvert hjá hjónum á Saudárkróki



Markvert Hjónin Karl Jónsson og Guðný Jóhannsdóttir eru eigendur fyrirtæksins.

Guðný segist einnig taka að sér kynningarmál fyrirtækja á ársgrundvelli og sjá m.a. uppferlu á heimasíðum. Sjá nánar á markvert.is.

Húmor á Hólmavík í fjórða sinn

Þjóðfræðistofa og þjóðfræði við Háskóla Íslands, í samstarfi við Eddu-öndvegissetur, standa fyrir fjórða árlega Húmorþinginu á morgun, laugardag, á Hólmavík. Húmorþingio er bæði vetrarhátíð og málþing um húmor sem fræðilegt viðfangsefni. Á málþinginu munu fræðimenn koma fram og varpa ljósi á nýjustu rannsóknir og miðun á húmor. Í fyrirlestrum og umræðuhópum verður rætt um hinar ýmsu birtingarmyndir húmors og margvíslega iðkun þess í daglegu lífi og fjölmiðlum.



Björgun Lögregluáður með smyrlinn.

Smyrli hjálpað

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kom smyrlil til hjálpar fyrr í vikuni en sá fannst skammt frá Elliða- vatnsvegi í Garðabæ. Fluglinn gat ekki flogið og því var hann færður í Fjölskiöldu- og húsdýragarðinn til aðhlyningar.

Ekki er ljóst hvort um karl- eða kvenflug er að ræða enda sést það víst ekki svo glögt. Óvíst er hvort smyrlinn er vængbrotinn en reynist það raunin eru batahorfur litlar, segir í tilkynningu lögreglu.

Læknar á flugi í tíu ár


● Sjúkraflug hefur dregist saman ● Mýflug sér um sjúkraflutninga innanlands

Tíu ár voru liðin í gær frá því að læknavakt hófst í tengslum við sjúkraflugið. Læknavaktin starfar í nánnum tengslum við sjúkraflutningamenn í Slökkviliði Akureyrar. Sjúkraflutningamenn með neyðarflutningaréttindi hafa frá árinu 1997 farið með í allt sjúkraflug sem farið hafa verið í frá Akureyri.

Sjúkraflutningar í sjúkraflugi hafa verið að meðaltali 460 á ári undanfarið fimm ár. Árlega berast á milli 400 og 500 beiðnir um sjúkraflug en þeim beiðnum hefur heldur fækkað síðustu ár.

Árið 2007 var 571 sjúkraflug farið en árið 2009 hafði ferðunum fækkað umtalsvert þegar flagnar voru 464 sjúkraflugsfærðir. Árið 2010 voru

Sjúkraflug - tölur yfir meðaltal



ferðirnar 448 og á síðasta ári voru þær 460.

Í um það bil helmingi tilfella fara læknar með í flug en þeir fara alltaf með í forgangsflug. Þeir læknar sem fara með í sjúkraflug eru ýmist læknar á Sjúkrahúsinu á Akureyri eða Heilsugæslustöðinni og hafa þeir hlotið sérstaka þjálfun til þess að

geta farið í sjúkraflug. Á Akureyri er miðstöð sjúkraflugs á landinu og Sjúkrahúsið á Akureyri er landfræðilegur bakharjari þess, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Flugfélagið Mýflug sinnir öllu sjúkraflugi innanlands. Samningur þess efnis er í gildi við innanríkisráðuneytið til ársins 2013.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. mars 2012, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. mars 2012 og önnur gjaldfallin álgöð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. mars 2012, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbót- og aukaaðlagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjúkmanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattframsóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álgöðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útværsgjald.

Fjármáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda. Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjármámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Er gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreignin fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem ljögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. mars 2012

Tollstjóri

Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Saudárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsvík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvalsvíli